

## Boð á ráðstefnu

# Kynjuð fjárlagagerð. Hvað er það?

Hótel Nordica, Reykjavík, 13. nóvember 2009

Ráðstefnan er ætluð forstöðumönnum ríkisstofnana, skrifstofu- og ráðuneytisstjórum, fjármálastjórum, fulltrúum í fjárlaganefnd, þingmönnum og ráðherrum, embættismönnum í norrænu samstarfi og sérfræðingum um jafnréttismál.

Á síðustu árum hafa æ fleiri ríki sett sér það markmið að sambætta kynja- og jafnréttissjónarmið við alla stefnumótun og áætlanagerð. Íslensk stjórnvöld eru þar á meðal og í samstarfsfyrlysingu ríkisstjórnarinnar segir að kynjuð hagstjórn verði höfð að leiðarljósi við fjárlagagerð og efnahagsstjórn. Kynjuð fjárlagagerð er flestum framandi og því er boðið til ráðstefnu til að kynna hugmyndafræði og aðferðir sem slík fjárlagagerð byggist á.

### Hvaða áhrif hafa ákværðanir um ríksútgjöld á kynin?

Í kynjaðri fjárlagagerð felst að kynjasamþættingu sé beitt í öllu fjárlagaferlinu. Aðferðin byggist á þeirri forsendu að ákværðanir í fjármálum hins opinbera séu ekki hlutlausar gagnvart kynjunum og felur í sér frumgreiningu á því hvaða áhrif einstakir tekju- og útgjaldaliðir hafa á kynin. Það þýðir að allar ákværðanir þarf að skoða með tilliti til stöðu kynjanna enda má til sanns vegar færa að útdeiling fjármagns gefi best til kynna mikilvægi verkefna og þar með stefnu stjórnvalda í einstökum málaflokkum.

Norrænu ríkin eru komin einna lengst í því að innleiða aðferðafræði kynjaðrar hagstjórnar í fjárlagagerð. Því munu sérfræðingar frá Norðurlöndunum miðla þekkingu sinni og reynslu á ráðstefnunni. Þá verður m.a. fjallað um nýjan bækling Jafnréttisstofu, Jöfnum leikinn, sem er handbók um kynjasamþættingu en einnig verður athygli beint að aðferðafræði við að innleiða breytingar.

Ráðstefnan er liður í formennskuáætlun Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni á árinu 2009. Fjármálaráðuneytið, félags- og tryggingamálaráðuneytið og Jafnréttisstofa standa að ráðstefnunni í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Skráning fer fram hjá Halldóru Friðjónsdóttur hjá fjármálaráðuneytinu á netfanginu: [halldora.fridjonsdottir@fjr.stjr.is](mailto:halldora.fridjonsdottir@fjr.stjr.is) og hún veitir jafnframt nánari upplýsingar.

Dagskrá verður auglýst síðar á <http://www.fjarmalaraduneyti.is/kyn>



Steingrímur J. Sigfusson  
fjármálaráðherra



Árni Páll Árnason  
félags- og tryggingamálaráðherra

